


Martha Schwartz

FÍLA 30 ára

Hönnunarsafn

Krikaskóli



Vatnsmýrarsamkeppni

Miðbærinn



# AT

TÍMARIT ARKITEKTA

Tímarit Arkitektafélags Íslands og Félags íslenskra landslagsarkitekta | 1. tölublað maí 2008



Verð 950 kr.

# Borginni blæðir

Valþór Hlööversson ritstjóri



Uppbygging miðborgarinnar í Reykjavík hefur verið á dagskrá um áratuga skeið með svo litlum árangri sem raun ber vitni. Þrátt fyrir loforð og hugmyndir um endurgerð sögulegra bygginga, iðandi mannlíf í miðborg, kaffihús á tjarnarbökkum, ný íbúðasvæði í sjó fram og þéttingu byggðar í eldri hverfum sjáum við fátt eitt gerast. Ár frá ári, kjörtímabil eftir kjörtímabil. Og dreifbýlisfólk og úthverfabúar á miðborgarrölti horfa í forundran á niðurnýdd hús í hjarta höfuðborgar rikustu þjóðar á jarðarhveli og spyrja: Hvernig stendur á að svo er komið fyrir borginni við Sundin?

Vissulega eru til svæði í austurborginni vestan Hringbrautar þar sem vel er að verki staðið. Fjölmörg hús við t.d. Njálsgötu og Grettisgötu hafa risið úr öskustónni enda í forsjá fólks sem endurnýjar þau fyrir eigið fé, án atbeina stjórnmalamanna. Þau svæði í miðborginni sem þurfa að lúta forsjá opinberra aðila og embættismanna þeirra, koðna hins vegar niður svo að raun er að.

Þeir sem búa í 101 eru sennilega fyrir löngu orðnir ónæmir fyrir því menningarleysi sem birtist í niðurnýddum húsum við Laugaveg og í hverfum neðan þessarar fornu lífæðar; allt of mörgum sóðabælum ógæfufólks og útkrotuðum framstöfnum bygginga sem mega muna sinn fifil fegurri. Í stað þess að nýta mesta góðæri Íslandssögunnar frá alda-skilum til að endurbyggja og færa miðborgina í þann glæsta búning sem henni hæfir, hafa embættismenn og ráðgjafar þeirra eytt tugþúsundum vinnustunda og ómældu fé í leit að hugmyndum um það hvernig best sé að byggja borg. Ekki er útlit fyrir að þeirri leit ljúki í brád auk þess sem áráði skortir til að taka ákvarðanir og koma hlutum í verk. Menn vinna einfaldlega með hraða snigilsins.

Og borginni blæðir.

Í þessu 1. tölublaði AT tímarits árið 2008 er í nokkrum greinum fjallað um vanda miðborgarinnar og það síkvika verkefni að byggja nýtt með gömlu; vernda arfinn um leið og nútíminn fær að halda innreið sína. Ívar Örn Guðmundsson arkitekt er einn greinarhöfundur en honum er tíðrætt um Laugavegin og hann segir m.a. á þessa leið:

*„Með uppbyggingu í miðbænum, og þá einna helst við og í kringum Laugavegin, er alveg sama hvort skoðaðar eru sambærilegar aðstæður í London, París, New York, Boston, Osló eða Kaupmannahöfn. Verslunin þarf stuðning íbúanna til þess að vel gangi. Um leið og við erum að þetta byggðina, þurfum við að laga verslunina að kröfum nútímans. Það eru hús við Laugavegin sem eru stöndug og glæsileg. Við eigum að halda þeim sem uppfylla þau skilyrði sem þarf til þess að hægt sé að nýta þau sem verslunarhús. Því verður þó hinsvegar ekki neitað að sum húsinn við Laugavegin eru bara hálfónýt og gera ekki mikið fyrir miðborgarupplifun. Við eigum*

*að rífa þau og reisa í stað þess ný hús sem uppfylla nútímakröfur og byggja upp það mannlíf sem við viljum sjá í miðborginni.“*

Því miður var þessi stefna víðs fjarri þegar borgaryfirvöld keyptu í vetur lágrest timburhús við neðanverðan Laugaveg fyrir óhemjufé, hús sem aldrei geta uppfyllt nútíma kröfur og verða vart nýtt undir annað en minjagripaverslanir eða öldurhús þegar dýrri uppbyggingu þeirra verður lokið. Og hvar voru þessi viðhorf þegar forystumenn allra flokka í borginni sammæltust um að endurbyggja brunarústir í Kvosinni í stað þess að nýta sögulegt tækifæri til að reisa nýtt kennileiti 21. aldarinnar í hjarta borgarinnar?

Meginkjarni umræðunnar um skipulag og uppbyggingu gamla bæjarins hin síðari árin hefur falist í fjasi um það hvort gömul hús séu betri en ný, hvort ný hús séu ljótari en þau sem byggð voru fyrr á tíð. Auðvitað snýst málið ekki um þetta. Meginmarkmiðið hlýtur að vera að blanda saman reynslu fortíðar og áráði framtíðar, líkt og þjóðir á meginlandi Evrópu hafa þróað með sér um árahundruða skeið. Hlutverk húsa er að vera umgjörð um fjölskúðugt mannlíf, fólk og fyrirtæki og þau þurfa að geta gegnt því hlutverki sínu þar sem þau standa. Skiptir þá engu hvort þau eru gömul eða ný. Þau þurfa einfaldlega að virka.

Í miðborg Reykjavíkur er fjöldi glæsilegra timburhúsa sem glapræði væri að rífa til grunna, hús sem geta með réttu viðhaldi og aðlögun að nútímakröfum, gegnt hlutverki sínu með sóma um langa tíð. Að sama skapi er fráleitt og beinlínis heimskulegt að vernda allt sem gamalt er. Flest okkar gömlu íbúðarhúsa eru byggð af vanefnum, án nokkurra stílbrigða í byggingarlist eða af neinum metnaði öðrum en þeim að reisa sér þak yfir höfuðið. Slík hús eiga víða fullan rétt á sér sem vitnisburður um það líf sem við lifðum en það er fráleitt að líta svo á að þau eigi sér sjálfsagðan tilverurétt í hjarta viðskiptahverfis vaxandi miðborgar.

Sá sem þennan pistil ritar hefur áður í AT tímariti vakið athygli á því andvaraleysi sem arkitektar og skipulagsfræðingar hafa sýnt í umræðunni um þessi mál á liðnum árum. Það er einfaldlega ekki von á góðu þegar fulltrúar þrústihópa og stjórnmalamenn sem einatt aka seglum eftir vindi, einoka umræðu og athafnir varðandi byggingarlist en þeir sem gerst til þekkja sita hjá og þegja þunnu hljóði. Það er einmitt við þær aðstæður sem stærstu mistökinn verða. Hér ber fagfólkinu siðferðileg skylda til að tjá hug sinn, leiðbeina og ýta málum í réttan farveg.

Annars heldur borginni áfram að blæða.

# Stefnumótun í borgarskipulagi

## Framtíðarsýn í uppbyggingu miðborgarinnar

Ívar Örn Guðmundsson arkitekt FAÍ skrifar

### Umræðan

Tilgangur Arkitektafélags Íslands er skilgreindur á heimasíðu félagsins sem slíkur „...að stuðla að góðri byggingarlist í landinu, efla samvinnu félagsmanna og standa vörð um hagsmuni þeirra“.

Ósk arkitekta hefur lengi verið að umræða um arkitektúr í landinu aukist. Mikið var vonast eftir líflægri skoðanaskiptum með tilkomu náms í faginu hér heima en svo reyndist ekki, þar til mögulega nú á síðustu misserum. Einhverra hluta vegna þá hefur almenningur ekki fengið að njóta, eða jafnvel haft til þess áhuga, að kynnst því sem við viljum kalla arkitektúr. Þó er hægt að skoða ýmislegt sem vel hefur verið gert á Íslandi í seinni tíð. Að mestu má segja, að flest ritað efni um íslenskan arkitektúr sé sögulegs eðlis, oft gott efni, en gæti mögulega ruglað hug leikra um það hvað arkitektúr hefur uppá að bjóða, eða getur staðið fyrir.

Var það því að núverandi markaðs- og dagskrárnefnd Arkitektafélags Íslands tók sig saman um að koma á málþingi um arkitektúr, skipulag og uppbyggingarmál. Ákveðið var, þar sem umræðan væri það sem mestu skipti, að hafa samráð við aðra sem hefðu sameiginlegan áhuga á að koma umfjöllun um arkitektúr á framfæri til almennings. Úr varð sería af málþingum í samráði við Norræna Húsið og Listaháskóla Íslands undir heitinu Byggingarlist í brennidepli – Mannlíf í Miðborg og var vettvangur ákveðinn í Norræna húsinu í apríl og maí nú í ár. Er það ástæða greinarskrifa þessara að taka saman nokkur þau umræðuefni sem þar má vænta og sýna tillögu sem byggir á þeim forsendum sem hér er um fjallað.

Almenn vanþekking er eitt helsta vandamál starfsgreinar okkar arkitekta og ekki nægjanlegt að arkitekt vilji vel gera, því ekkert verkefni verður betra en viðskiptavinurinn leyfir því að verða. Það er þó kannski ekki hægt að fjargveðrast yfir afstöðu leikra manna þegar hinir lærðu, og þá sérstaklega félag þeirra, tilgreinir ekki afstöðu sína til byggingarlistar. Afstaða viðskiptavinar, almennings, pólitískra embættismanna og starfsmanna embætta er ekki síður mikilvæg en kunnátta og hugmyndaauðgi arkitekta. Því er erfitt að finna blóraböggul þess að umhverfi okkar er ekki meira aðlaðandi en það er. Leikir sem lærðir ættu þó að líta í eigin barm og spyrja nokkurra spurninga: Erum við nógu víðsýn?, má betur fara?, getum við betur?, hvað þarf til?, hver veit best? og getum við hlustað betur?

Eðlilegt er að ætla, að fagfélag eins og Arkitektafélag Íslands myndi sér afstöðu, ef ekki stefnu í uppbyggingarmálum, með tilliti til góðrar hönnunar og í samhengi við stefnu sína. Nú hafa á síðustu árum verið tímar lang mestu uppbyggingar sem nokkru sinni hefur verið á Íslandi. Margir hafa sest í dóm-

arasæti og haft skoðanir á þessari uppbyggingu; skipulags, úthverfa og miðborgar. Umræðan hefur ráðist af því sem sagt hefur verið að leikum mönnum og konum, en lítið heyrst um skoðun AÍ sem ætti væntanlega að vera eini sameiginlegi vettvangur starfsstéttarinnar og er það miður.

AÍ hefur í gegnum tíðina talið að ómögulegt væri fyrir félagið að hafa skoðun á arkitektúr útávið. Aðal orsökinn væri þá líklega sú að stjórnin væri alls ekki á einu máli. Greinarhöfundur hefur bent á að það væri reyndar ekki aðalatriði heldur fremur það að afstaða kæmi fram, þó svo hún væri mögulega tvíþætt og að fleiri en ein skoðun kæmi fram. Í það minnsta mætti ætla að þetta skapaði umræðu og þá í formi lærðrar afstöðu. Sú umræða gæti ekki annað en leitt af sér umræðu um góða byggingarlist.

### Heildar hugmyndafræði

Um allan bæ er fólk sem hefur hugmyndir um hvernig best sé að gera miðborg Reykjavíkur aðlaðandi. Það hefur átt sér stað uppbygging á miðborgum um allan heim og það er hægt að læra töluvert af þeirri uppbyggingu. Á ofangreindu málþingi var gerð tilraun til að yfirfara hugmyndir, verklagsreglur og verkefni sem mögulega gætu stuðlað að því að fólk sem hefur með uppbyggingu borgarinnar að gera, horfi með opnum huga til þeirra möguleika sem þar mátti sjá og draga má lærdóm af.

Við eigum að endurskipuleggja miðborgina út frá heildarhugmyndafræði. Setja okkur stefnu í uppbyggingarmálum á hverju svæði og framfylgja því svo með opnum hug. Aðal ástæða skipulags er að styðja við mannlíf og upplifelsi, á sama tíma og það þarf að vera hagvænlegt fyrir þá sem að uppbyggingunni standa og fyrir þá sem þar munu stuðla að því viðskiptalífi sem er óaðskiljanlegur hluti miðborgarsamfélaga. Það gerum við best með víðsýni og að skoða hugmyndir með opnum hug.

Þetta er stundum kallað rammaskipulag, er hugmyndafræðin að heildinni og í því koma fram helstu áherslur. Borgaryfirvöld ættu svo einna helst að einbeita sér að því að skoða góðar hugmyndir og mynda sér skilning á því hvernig borgir „þroskast“. Þá er sama hvort við skoðum stórborgir samtíman eða bæi heimsins vestan hafs og austan en öll þessi umhverfi hafa þroskast úr því að vera smábærir og hafa fyrir okkur lexiur af reynslu sinni.

Svona uppbygging hefur svo margar hliðar og ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir, eða vilji jafnvel sjá, þær jákvæðu afleiðingar sem það getur haft að ný hús risi. Það sem pólitískt kjörnir fulltrúar og embættisráðgjafar þeirra þurfa að hafa til að bera er opinn hugur fyrir möguleikum, þar sem samhengi hugmyndanna er skoðað við það sem fyrir er. Þá ætti leiðarljósið að vera að ef góð hugmynd kemur



Úr sýningarskála Finna eftir  
Alvar Aalto á heimssýningunni í  
New York 1939. Ezra Stoller®Esto.

fram, sem ekki fellur að reglum, látið hana þá ekki deyja reglunnar vegna, heldur breytið reglunni svo hún geti orðið að veruleika og bætt heildar hugmynd okkar að miðborg.

#### Hugmyndir að miðborg

Borgir þroskast samfara þörfum einstaklinganna. Þétting byggðar er leið til þess að færa fólk nær þjónustu og minnka bílaumferð. Með fleira fólk og þéttari byggð myndast fleiri möguleikar fyrir fjölbreytt mannlíf.

Við byggjum upp borg á löngum tíma og þarfir svæða breytast. Við þroskumst í óskum okkar og þörfum og þarfir heillrar borgar þroskast á svipaðan hátt og einstaklingarnir sem hana byggja. Borgin okkar býður sem betur fer uppá marga möguleika á búsetu innan borgarmarkanna; fólk getur valið að búa í sveit, í úthverfi, í smábúðahverfi, í þéttu hverfi og á líka að hafa aðgang að miðborgarsamfélagi.

Þeim mun fleiri sem kjósa að búa nálægt eða í miðborginni, þeim mun líklegri er að við förum að upplifa alvöru borgarstemningu hérna með allri þeirri fjölbreytni sem henni fylgir. Allt kemur þetta saman að því að mynda áhugaverðari og skemtilegri miðborg.

Borgin á að lita inn á við, því miðborgarsamfélagið snýst um það sem borgararnir hafa fyrir stafni. Við viljum taka þátt í lífi og athöfnum hvers annars, miklu frekar en að hafa útsýni til hafs eða fjalla. Lykilatriðið í borgarsamfélagi er mannlífið því í miðbænum er mannlífið sjálft útsýnið og ævintýrið.

Við þurfum svo einnig að treysta því að nútíðin sé jafn mikils virði og fortíðin og hafi jafn mikið gildi fyrir framtíðina, á þar jafnt við um allar listir og ekki síst byggingalist.

#### Framtíðarsýn

Skýr sýn á framtíðina þarf að vera fyrir hendi og þarf stefna og framtíðarsýn að leita samræmis um það hvernig samfélag okkar vill hafa umhverfið sitt. Við skulum ekki gleyma, að „framtíðarsýn“ er ekki bara fagurt orð heldur hugmyndafræði um það hvernig óskir okkar og draumar rúmast í stefnumótun stjórnvalda og ráðgjafa þeirra.

Til dæmis hið mikilvæga mál, húsafriðun, sem að mínu mati snýr að því að halda utan um menningararf okkar í húsagerð, er farið að litast af vissri „histeríu“ og fortíðarhyggju og hef ég áhyggjur af því að stefnuleysið eyðileggi á endanum fyrir málaflöknum. Jafnræði hefur skort í umræðunni og til

að mynda hafa þeir félagar í Arkitektafélagi Íslands, sem skrifað hafa um málið, flest allir lagt áherslu á söguna umfram nútímann. Mætti því telja að viss afneitun eða neikvæðni sé fyrir hendi gegn arkitektúr nútímans, fagurfræðilegum gildum hans, fjölbreytileika, kostum og möguleikum.

Eins og í öðrum opinberum málum verður almenningur að geta treyst því að ákvarðanatata og álitsgjöf innan stjórnsýslunnar litist ekki af tilfinningum og sérhagsmunum. Þetta er sérlega mikilvægt í ljósi þess að þrátt fyrir ráðgjafarhlutverk Húsafríðunarnefndar virðist hún geta tekið sér vald, eins og nýleg dæmi á Laugaveginum sýna. Umræða og ákvarðanatata á að fara fram fyrir ferlinu og snúast um heildar hugmyndafræði borgarinnar.

Margir áhugarverðir fyrirlesarar og margverðlaunaðir sérfræðingar hafa heimsótt okkur og kynnt sjónarmið framsýni í skipulagsmálum en því miður hafa þeir flestir verið að kynna fræði sín þröngum hópi manna sem að auki er nokkuð hljóðlátur í opinberri umræðu og situr hvorki í nefndum eða embættum.

Menning, byggingarlist og samfélagsandi hefur allt frá tíma ítölsku endurreisnarinnar farið hönd í hönd. Svo virðist þó stundum ekki lengur vera í okkar eigin þjóðfélagsumræðu og eru þá einhverjir að misskilja þetta óaðskiljanlega samhengi.

Mikilvægast er að til verði „heilðstæð sýn“ þar sem hlúð er að hvoru tveggja, húsafríðun og uppbyggingu. Þá fyrst fáum við notið menningararfs okkar á virðingarfyllan hátt, og í samhljómi við þann raunveruleika að við búum í borg sem þarf að þroskast í takt við samfélag okkar og menningu. Uppbygging dagsins í dag er, þegar öllu er á botninn hvolft, menningararfur morgundagsins.

## 21. aldar endurreisn

Sem dæmi um endurreisn hefur á síðustu árum verið mikil uppvakning og ferskur andi á sviði uppbyggingar og arkitektúrs í Englandi. Hafa skal þá í huga að það að endurreisa, er ekki hið sama og endurreisn. Annað hefur með endurtekningu að gera, en hitt um heila hugmyndafræði, sem lýtur að því hvernig þjóðfélagið vill í umhverfi sínu endurspegla þau gildi sem það stendur fyrir. Þessi endurreisn er væntanlega ekki sist að þakka því að Bretar hugsuðu til þúsaldarinnar með miklum metnaði og vildu skilja eftir sig metnaðarfullt umhverfi og byggingar sem myndu í framtíðinni endurspegla stöðu þeirra sem menningarsamfélags og í raun heimsveldi á sviði menningar og möguleika við upphaf þúsaldar.

Síðustu öldu því líks anda heils menningarsamfélags mátti sjá á áttunda áratugnum í Frakklandi í aðdraganda tvö hundruð ára afmælis lýðveldisins. Þessa anda gætti einna helst í París og fór þar Francois Mitterrand fyrir og augljóslega má sjá að þar fór maður með sterkar hugmyndir um sjálfsmynd Frakka. Mitterrand lét hafa eftir sér að „menningarsamfélag sé dæmt af velgengni byggingarlistar þess. Með von tekst okkur að rita í rými og mynda í formi hugmyndafræði menningar okkar“. Enda hefur það alltaf verið sýn Frakka, að arkitektúr sé ómissandi

hluti af menningu samtímans. Þau verk sem risu í Frakklandi á þessum tíma hafa orðið að óaðskiljanlegum hluta borgarmyndar Parísar og í raun ímynd um sjálfstraust frönsku þjóðarinnar.

21. aldar endurreisn Breta sést einna helst í höfuðborginni London. Þar hefur alla tíð verið mikið lítið til fortíðar þeirra sem heimsveldis og þess arkitektúrs sem endurspeglaði þá tíð. Nú, þegar heimsveldið snýr frekar að menningu og viðskiptum, hafa orðið straumhvörf í því hvernig Bretar vilja láta heiminn sjá sig og dæma.

Til að vinna að þessari endurreisn hefur skrifstofa aðstoðar forsætisráðherra (*ODPM*) ráðfært sig við hið konunglega félag arkitekta (*RIBA*) og myndað framkvæmdaráð um arkitektúr og hið byggða umhverfi (*CABE*). *RIBA* hefur ritað nokkurskonar „manifesto“ um það hvernig félagið geti staðið að betra Bretlandi. *CABE* stendur svo fyrir því að bæta umhverfi og lífsskilyrði fólks í gegnum góða hönnun. Í framhaldi af því hefur svo t.d. borgarstjóri London komið á fót „Design for London“, sem ætlað er að styðja við góða hönnun og uppbyggingu í borginni. Sem dæmi um þann anda sem þar nú ríkir gekk framsaga borgarstjórans á nýafstaðinni ráðstefnu undir heitinu „Build a cooler London“.

Í þessu samhengi tel ég að við getum lært að nágrönnum okkar og ættum að fara að skoða möguleika miðborgar Reykjavíkur til framtíðar og muna að við byggjum ekki afturábak!

## Uppbygging á Laugavegi

Með uppbyggingu í miðbænum, og þá einna helst við og í kringum Laugavegin, er alveg sama hvort skoðaðar eru sambærilegar aðstæður í London, París, New York, Boston, Osló eða Kaupmannahöfn. Verslunin þarf stuðning íbúanna til þess að vel gangi. Um leið og við erum að þetta byggðina, þurfum við að laga verslunina að kröfum nútímans. Það eru hús við Laugavegin sem eru stöndug og glæsileg. Við eigum að halda þeim sem uppfylla þau skilyrði sem þarf til þess að hægt sé að nýta þau sem verslunarhús. Því verður þó hinsvegar ekki neitað að sum húsini við Laugavegin eru bara hálfónýtt og gera ekki mikið fyrir miðborgar upplifelsi. Við eigum að rífa þau og reisa í stað þess ný hús sem uppfylla nútímakröfur og byggja upp það mannlíf sem við viljum sjá í miðborginni. Athuga þarf þó að úthliðar þessara bygginga séu ekki gerðar með sama hætti og verslanamiðstöðvar, þar sem úthliðar bygginganna eru bakhliðar verslananna. Heldur þurfum við að hanna þessar nýju og stærri byggingar með það í huga að hlúð sé að götummyndinni og að byggingarnar geti verið virkur hluti af mannlífinu en ekki staðnaðir steinkassar. Samhengið á ekki að vera enduruppbygging í einhverjum sérstökum stíl heldur enduruppbygging sem byggð er á þekktum góðum gildum um miðborgarbyggingar.

Viða erlendis sér maður verslunargötur eins og Laugavegin tengjast stórverslunum, til dæmis Illums Bolighus við Strikið í Kaupmannahöfn og Harrods við Knightsbridge í London, og ekki síður í minni bæjum, en þetta vantar alveg hér. Með þessu

móti verða stórverslanirnar stuðningsverslanir við þær litlu. Minni verslanir í eldri húsum lifa betur ef stuðningsverslanir eru í kringum þær.

Verkefni við Laugaveginn verða að vera segull á mannlíf í miðborginni, vera upphaf endurreisnar Laugavegar til fyrri virðingar og gefa þessari aðalverslunargötu landsins endurnýjun lifdaga með nútíma gildum og slá þannig í takt við hjarta miðborgarinnar.

Með hugmyndum að nýbyggingum við götuna, þarf að setja á oddinn að þar verði tryggt að uppbygging yrði ávisun á líf. Sérstaklega þarf að huga að því að byggja utan um nútíma líf í miðborg Reykjavíkur – Reykjavíkur dagsins í dag.

Við uppbyggingu af þeirri stærðargráðu sem nú á sér stað, þarf að gera sér grein fyrir því að pólitískan kjark þarf til þess að taka ákvarðanir til framtíðar. Stjórnvöld hafa þó sýnt í gegnum tíðina og ekki síst í ljósi nýútgefinnar menningarstefnu í mannvirkjagerð, að þau vilja byggja sínar byggingar með nútíma yfirbragði. Helstu byggingar hafa þannig sýnt vilja til framsýni og traust á þá tíma sem við nú lifum og sem dæmi má nefna Tónlistarhúsið, Hæsta-

rétt, Perluna, Ráðhúsið, viðbyggingu Alþingis og Seðlabankann. Stjórnvöld hafa myndað sér stefnu í uppbyggingarmálum sem vísar til uppbyggingar mannlífs fremur öðru og þess að uppbygging verði að endurspegla það sem menning hvers tíma býður uppá – stolt og bjartsýni í átt til framtíðar – Reykjavík framávið.

Hið sama ætti að ganga yfir hið frjálsa framtak sem vill fjárfesta og taka þátt í þessari uppbyggingu. Því er mikilvægt að skoða stórhuga hugmyndir og líta til framtíðar, læra af því sem vel hefur heppnast annarsstaðar í heiminum og hafa traust á framsæknum lausnum sem huga helst að mannlífi og upplifun fólksins.

### Möguleg uppbygging:

#### Laugatorg – Miðstöð lífs í miðborginni

Með tillögnum er ekki verið að sýna fullhannaðar útfærslur heldur er hér upphaf á þeim umræðugrundvelli sem við óskuðum eftir með borgaryfirvöldum með það að leiðarljósi að klára skipulag á reitnum samkvæmt vissri hugmyndafræði. Megin útgangspunktur okkar voru að skapa vettvang mannlífs, nýja vídd í verslun í miðborginni, halda rýmismyndum og stærðargráðu göturýmanna og byggja í sátt við þá fjölbættu götumynd sem fyrir er. Markmið tillögunnar er að heildarnotkun og útlit bygginganna eigi að bjóða upp á fjölbætt lífsgæði, endurspegla hjarta menningar og lista á sama tíma og hún verði miðdepill verslunar við Laugaveg. Megin áherslur í tillögugerðinni vísa þannig til umgjörðar mannlífs og nýtingar. Útliti er svo ætlað að endurspegla þau lögmál sem nýtingin kallar eftir. Byggingin er mjög gagnsæg og hún er því hugsuð sem virkur þáttakandi í mannlífi miðborgarinnar alla tíma sólarhringsins.

Margir snertifletir í tillögum okkar eru að nokkru framsæknir og jafnvel framandi en við teljum þá tóna við möguleika á sviði arkitektúrs og það hvernig menningarsamfélög samtvinna uppbyggingaráform sín nútímanum. Reiturinn er í dag ekki sérstaklega hagvænleg rekstrareining heldur frekar efsti hluti viss „skemmtihverfis“ nátturlífsins. Má gera ráð fyrir að á reitnum hafi einungis verið um 50 starfsstöður og um 30 íbúar. Samtals er gert ráð fyrir í tillögnum að aukning íbúa, búandi gesta og starfa á reitnum yrði um 280 eða í heild allt að 360 einstaklingar, fyrir utan alla viðskiptavini. Við erum í tillögnum ekki að leitast eftir að byggja „afturábak“ en teljum okkur hanna í samhengi. Samhengið er ekki fólgið í því að byggja í sérstökum stíl heldur með virðingu fyrir þeim menningararfi sem felst í mannlífinu, þörfum þess og óskum, því hvernig byggingarnar geta endurspeglað þá menningu og í sátt við þær byggingar og þau rými sem reist voru á öðrum tímum okkar sögu. Við gerum frekar og ekki síður ráð fyrir í tillögum okkar að í þeim endurspegl-ist eðlilegur rekstrargrundvöllur traustra rekstraraðila sem geta með fyrirtækjum sínum hafið ímynd verslunar við Laugaveginn upp í átt að því sem aðal verslunargötur í beinni samkeppni við hann búa við. Samkeppnin er ekki við hliðargötur Laugavegar,



Ásýnd frá Laugavegi – gamalt og nýtt saman, áframhald götunnar og nýting á djúpt reitsins.

NEXUS arkitektar.



Laugavegur og Laugatorg – mögulegt opið torg við Laugaveg tengist yfirbygððu Hverfisstræti.

NEXUS arkitektar.

heldur við verslunarmiðstöðvar höfuðborgarsvæðisins og ekki síður verslunargötur stórborga heimsins. Byggingin tekur svo á þessari samkeppni á sínum eigin forsendum, forsendum miðborgarbyggingar.

Í formgerðinni er vísað til fyrirmynda í skandinavískri hönnun, þar sem líðandi form skapa umgjörð rýma sem hafa vissa mýkt og er þannig ætlað að skapa viss hughrif. Efnisvalið leitar í sömu smíðju, þó með nýju ívafi og í því samhengi sem byggingin er byggð. Sjá má dæmi um þessi líðandi form t.d. í rýmismyndun Alvar Aalto í sýningarskála Finna á heimssýningunni í New York árið 1939, þar sem formið skapar kraftmikið rými og efnisvalið gefur sterka áferð, með skírskotun til landsins gæða og uppbrot þess sýna myndir af dýpri upplifun menningararfs þess sem skálinn var byggður til að sýna og sem rýmið fjallar um. Með þessu móti er samspil formsins, efnisvalsins, hinna innri rýma menningarinnar og þess rýmis sem viðkomandi er staddur í sem ein heild. Um þetta snýst arkitektúr og það að viðkomandi verði fyrir hughrifum, þar sem samhengi allra þessara þátta skapar upplifun þess sem um það gengur. Hús þurfa ekki að vera „bara hús“ heldur geta verið hluti af kraftmiklu og áhugarverðu umhverfi sem gerir bæ að „borg“.

Efnisvalið er hugsað í nokkru samhengi við hina viðari skírskotun í bæði stuðlaberg, bárujárn og klassískrar norrænnar áferðar á timbri. Á sama tíma er byggingunni gert kleift að vera rýmisleg heild bæði innri og ytri rýma, þess mannlífs sem þar þrífst og byggingarinnar sjálfrar. Með tillögum okkar er þannig gerð tilraun til að tóna við hina margslungnu götumynd Laugavegarins. Uppbroti byggingarmassans er náð fram með mismunandi túlkun í efnisnotkun. Byggingunum er leyft að vera framsæknum á sama tíma og þeim er fyrir komið í sátt, til stuðnings og í samhengi við umhverfi sitt.

Nýtingarheildin vísar til gæða í stað stærðar, þar sem aðdráttarafl þessara fermetra yrði hærra ef þeir næðu ekki þessari samsetningu í nýtingu. Einnig byggjum við tillöguna á eðlilegri arðsemi og framlegð. Frekar en að ákveða þannig útgangspunkta í stílbrögðum gamalla tíma, byggjum við hagvænlega einingu, sem getur orðið útgangspunktur endurnýjunnar og uppbyggingar í verslun og menningu við Laugavegin. Við sjáum því sameiginlegt tækifæri með borgaryfirvöldum að hugsa um verslun við þessa aðal verslunargötu landsins og einnig við þá hagsmuni borgarinnar að á reitnum, sem staðsettur er á krossgötum verslunar, mannlífsins og nýrrar uppbyggingar í íbúabyggð, verði byggt til langrar framtíðar og fyrir fjölbreytt mannlíf. Formgerðin sækir svo innblástur eins og að ofan er getið í fljóttandi rýmismyndun klassískra 20. aldar fyrirmynda.

Það er trú mín að miðbærinn eigi að halda hlutverki sínu og vera miðbær þjóðfélags hvers tíma um leið og hann geymir minningu og sögu okkar. Miðbærinn á að halda hlutverki sínu á öllum tímum og vera aðdráttarafl fjölbreytts mannlífs. Það þarf skipulagslega og pólitíska stefnu til að ákvarða að Laugavegur verði miðstöð verslunar og í raun okkar „aðal“ verslunargata. Gatan þarf að þroskast með



Laugatorg, hluti Laugavegar - mannlíf torgsins hluti upplifunar Laugavegarins.

NEXUS arkitektar.



Laugatorg og yfirbyggt Hverfisstræti sem umgjörð mannlífs í miðborginni.

NEXUS arkitektar.

tímanum og uppfylla þarfir verslunar og óskir þeirra sem þar versla, bæði í umgjörð sinni í almenningsrýmum sem og í umgjörð þeirra verslana sem þar er gert kleift að vera í rekstri. Við ættum því að horfa til þess með opnum hug þegar eigendur reita og uppbyggingaraðilar óska eftir slíkum lausnum og sýna með því metnað til að byggja mikilvægar byggingar í borgarmyndinni sem stuðlað geta að uppbyggingu verslunar við Laugaveg og hlúð að menningarlífi og framtíð miðborgarinnar.